





Varðar: Vesturbrún 2, (fsp) bílskúr

Skoðuð er á ný fyrirspurn VSÓ Ráðgjafar ehf., dags. 31. maí 2021, um byggingu bílskúrs á lóð nr. 2 við Vesturbrún. Erindi fylgja nýjar teikningar Gríma arkitekta, dags. 18.01.2022.




Sniðmynd í innkeyrslu og bílkúr



Þversnið bílskúrs



Afstöðumynd



Lóðarmynd



Útlit frá Vesturbrún

Skipulagsleg staða:

Lóðin er á íbúðarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið og hafa byggingarleyfisumsóknir vegna breytinga á húsum á svæðinu því verið grenndarkynntar, sé fallist á þær.

Umsögn:

Fyrirliggjandi teikningar sýna innkeyrslu að bílskúr frá Vesturbrún. Innkeyrsla hallar niður að bílskúr þar sem gólfplata bílskúrs er í sömu hæð og gólfplata í kjallara íbúðarhúss. Ofan á þaki bílskúrs eru þaksvalir með aðgengi frá núverandi svölum 1. hæðar íbúðarhúss. Gengt er undir svalir utanhúss, milli bílskúrs og íbúðarhúss. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við þaksvalir á þaki bílskúrs, að fengnu samþykki aðliggjandi lóðarhafa.

Ítrekað er að færsla lagna og breytingar á gangstétt/götu eru á kostnað lóðarhafa og þarf að vinna í samráði við viðeigandi aðila svo sem Veitur og Reykjavíkurborg.

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu. Grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn þegar uppdrættir eru tilbúnir.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri.

Vakin er athygli á Gjaldskrá Reykjavíkurborgar vegna kostnaðar við skipulagsvinnu, grenndarkynningu, framkvæmdaleyfis o.fl. Sjá nánar á slóðinni: <https://reykjavik.is/gjaldskra-skipulagsvinna-framkvaemdaleyfi>

